

Sp.

188. Fyrirspurnir.

[124. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn?

II. Til dómsmálaráðherra um kæru á hendur forstöðumanni vinnuhælisins á Litla-Hrauni.

Frá Ágústi Þorvaldssyni.

1. Hvað hyggst dómsmálaráðherra gera viðvíkjandi kæru, sem honum hefur borizt frá nokkrum starfsmönnum á Litla-Hrauni um meint misferli forstöðumanns vinnuhælisins, Markúsar Einarssonar?
2. Er það álit fangelsisnefndar, sem skipuð var og falið að rannsaka þessi mál, að lausn þeirra sé fengin með því, að Sigurði Kristmundssyni, bryta vinnuhælisins, hefur verið sagt upp starfi án nokkurra viðhlítandi skýringa?